

## Píramíðinn

Hér er á ferðinni vinnuaðferð sem nýtist vel við sameiginlega ákvörðunartöku. Hún kennir nemendum að komast að sameiginlegri ákvörðun með því að nota samtal og talningu. Aðferðina má líka nota við forgangsröðun mála. Alla jafna eru aðrar æfingar til að kanna, rannsaka, hugleiða undanfari þessarar þegar kemur að ákvarðanatöku. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra gegnum samræður og samskipti", og "Að læra með því að hugsa".

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta íhugað önnur sjónarhorn
- Geta sett fært rök fyrir máli sínu
- Geta beitt virkri hlustun
- Geta sýnt fram á og útskýrt hvernig hugsun þeirra hefur þróast og breyst

### Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 45 mínútur.

### Efni

- Merkimiðar með lími

### Undirbúningur

- Veldu samfélagslegt álitamál
- Gakktu úr skugga um að þú hafir að lágmarki 3 atriði\* sem nemendur geta valið úr.

Skrifaðu hvert atriði niður með lykilorðum á veggspjald og hengdu á veggina eða skrifaðu á töfluna. Gakktu úr skugga um að það sé nóg pláss fyrir miða. Þú getur líka notað teikningar, myndir, ljósmynd o.s.frv. til að sýna mismunandi atriði.

\*Atriði geta verið hvað sem er: Staðhæfingar, staðreyndir, hugmyndir, rök, vandamál, lausnir, ... Aðalspurningin hefur líka áhrif á hvernig nemendur munu meta eftirfarandi: Hvaða lausn myndir þú velja? Hvaða rök eru mest afgerandi? ...

### Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

#### 1 Innlögn

Segðu nemendum að þeir ætli að forgangsráða og/eða komast að sameiginlegri ákvörðun um þessi atriði. Skoðið eða lesið saman innlögnina sem tengist atriðinu: myndbönd, smásögur, ljósmyndir, ... eða uppfærðu upplýsingarnar sem þú hefur

## Vinnuefni – samfélagslegar áskoranir

þegar búið til með nemendum. Gakktu úr skugga um að hver og einn nemandi viti um hvað hin mismunandi atriði snúast. Mundu að nota lykilstær til stuðnings fyrir hverja aðgerð, ef nauðsyn krefur.

### 2 Veldu

Gefðu hverjum nemanda þrjú merkimiða með lími\*<sup>2</sup>. Þeir festa miða á þrjú atriði sem passa við spurninguna þína. Nemendur munu velja á mismunandi vegu eftir því hver spurningin er. Til dæmis ef þeir eiga að velja á milli mismunandi aðgerða til að draga úr einelti í skólanum:

- Hvaða aðgerðir höfðu til þín?
- Hvaða aðgerðir myndir þú vilja grípa til (í skólanum eða annars staðar)?
- Hvaða aðgerðir fela í sér góða lausn?

Fyrir hverja aðgerð sem þeir velja skrifa nemendur niður á minnismiða nafnið sitt og rökkin fyrir því að velja hana. Þeir festa miðana hjá viðkomandi aðgerðum.

\*<sup>2</sup> Ef þú ert með 3 eða 4 atriði gefurðu hverjum nemanda aðeins einn miða. Ef þú ert 5 eða fleiri atriði gefur þú þeim 3 miða.

### 3 Umræða


Farðu stuttlega yfir atriðin og mismunandi miða með því að spyrja:

- Hvaða atriði var mest/minnst valið?
- Hvaða rök eru fyrir atriði x?
- Hver færði meira og minna sömu rök? Hvaða önnur rök hugkvæmdust þér fyrir þetta atriði
- Hvaða atriði hafðirðu heyrt um áður?

### 4 Raðaðu og ákvarðaðu

Teiknaðu píramída á töfluna með sama fjölda ferninga og fjöldi atriða. Þú getur líka notað miða með lími eða myndir, ... ef þú notaðir það til að skýra atriðin.

Raðaðu atriðunum í píramídanum eftir fjölda miða sem hvert atriði fékk. Skrifaðu atriði með mestu miðunum í efsta reitinn nálægt toppnum og síðan koll af kalli niður píramídanum.



Ræddu:

- Hvaða atriði kýst þú? Ertu sammála því atriði sem nú er efst? Af hverju (ekki)?
- Myndir þú breyta vali þínu núna þegar þú hefur heyrt rökin frá öðrum nemendum? Hvernig þá?
- Höfum við nægar upplýsingar til að velja eða ákveða?
- Er þörf á frekari upplýsingum til að velja? Hvaða? Hvernig getum við safnað þeim upplýsingum?
- Hvað getum við gert við þessar upplýsingar: framkvæma þessa aðgerð(-ir), rannsaka aðgerð(-ir) frekar, ...?

Ef nauðsyn krefur skaltu breyta staðsetningu atriða í píramídanum.

Ákveðið að lokum í sameiningu hvaða þættir þið ætlið að velja. Gerðu þetta í gegnum hvatningu í samræðunum og með því að ganga úr skugga um að öll ólík sjónarmið hafi verið rædd. Leggðu síðan fram tillögu eða láttu nemanda/nemendur gera það.

Athugaðu hvort allir geti verið sammála þessari tillögu. Ef ekki skaltu biðja nemanda/nemendur um að koma með breytingatillögu.

ÁBENDING: Ekki takmarka þig við að velja aðeins efsta atriðið. Þú getur unnið með nokkur atriði, frá toppnum og niður.

## 4 Ígrundun

Hugleiddu með nemendum:

- Hvað lét ég ykkur gera?
- Hvernig var að velja þrjú atriði?
- Hver var mikilvægasta ástæðan að baki þínu vali?

## Vinnuefni – samfélagslegar áskoranir

- Hvernig var að hlusta á rök hinna?
- Hvernig var að taka ákvörðun með hinum?
- Passar forgangsröðunin við þitt val? Af hverju (ekki)?
- Á hvaða hátt getur það að forgangsráða og velja síðan verið gagnlegt? Af hverju (ekki)?
- Við hvers konar val getur píramídi hjálpað þér ?

### 5 Afbrigði

Þú getur byrjað innlögnina á því að biðja nemendur, hvern fyrir sig eða í litlum hópum, að:

- Taka myndavél.
- Labba um í skólanum, umhverfi skólans eða á öðrum stað.
- Taka myndir af ákveðnum atriðum sem þeim finnst sláandi t.d.:
  - Taka myndir af „vandamálum“ varðandi rusl
  - Taka myndir af lausnum til að minnka vatnssóun
  - Taka myndir af stöðum sem þeim finnst gaman að fara á
  - ...

Leyfðu nemendum að hlaða upp myndunum á stafrænan vettvang eða prenta þær út. Ef nauðsyn krefur, láttu nemendur velja eina eða tvær myndir sem tjá best það sem þeir vilja segja hinum varðandi verkefnið.

Leyfðu hverjum hópi eða nemanda að útskýra myndirnar sínar, fylgdu síðan skrefi 2 og svo framvegis.

### 6 Fáðu fjölskylduna með!

- Leyfðu nemendum að taka myndir af ákveðnum atriðum heima. T.d.:
  - Taka myndir af hlutum sem þeir gera heima sem hjálpa til við að draga úr hlýnun jarðar.
  - Taka myndir af hlutum sem þeir vilja gera með fjölskyldunni (ráða þeim síðan og bera saman við fjölskyldur í öðrum skóla, hverfi, landi, ...)
- Daginn eftir gefa nemendur skýrslu í bekknum eða þú biður þá um að skrifa upplifun sína niður á pappír eða á netið eða þeir búa til stutt myndband eða safn af ljósmyndum, ...